

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að biðskylda verði á Tangabryggju fyrir umferð um Sævarhöfða.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 26. mars 2003.

Böðvar Bragason.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð hjartasjúklinga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður hjartasjúklinga. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2.000.000 -tvær milljónir króna-, en það er framlag frá einstaklingum og fyrirtækjum vegna kaupa á minningarkortum á vegum Landssamtaka hjartasjúklinga. Stefnt verður að því að stofnfé fimmfaldist á nokkrum árum. Þann stofn má aldrei skerða.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnalitra hjartasjúklinga á margvíslegan hátt svo sem:

1. Aðstoða hjartasjúklinga með fjárframlagi fljótlega eftir að þeir veikjast.
 2. Styrkja hjartasjúklinga, sem fara í kostnaðarsamar aðgerðir erlendis.
 3. Taka þátt í greiðslu og kostnaði við endurhæfingar hjartasjúklinga.
- Jafnframt getur sjóðurinn veitt styrki til tækjakaupa.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Framlög vegna sölu minningarkorta.
2. Verðbætur og vextir.
3. Framlög til sjóðsins og annað fé, svo sem áheit og dánargjafir.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn og einn til vara. Skal hún kosin á þingi Landssamtaka hjartasjúklinga til tveggja ára í senn.

Stjórnin ber ábyrgð á eignum sjóðsins. Hún tekur á móti umsóknum um styrki og ákveður styrkveitingar.

Halda skal gerðabók fyrir sjóðinn og færa þar ákvarðanir stjórnar.

6. gr.

Stjórnin skal á hverjum tíma ávaxta fé sjóðsins með bestu fánlegum kjörum á tryggilegan hátt. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu löggiltir endurskoðendur Landsamtaka hjartasjúklinga endurskoða ársreikninga sjóðsins. Skulu þeir lagðir fram árlega fyrir stjórn Landssamtaka hjartasjúklinga.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður úthlutun úr sjóðnum. Ekki má úthluta úr sjóðnum meiru en sem svarar hálfum árlegum framlögum og hálfum hluta vaxta uns sjóðurinn er orðinn kr. 10.000.000 -tíu milljónir króna-.

8. gr.

Heimilt er að leggja sjóðinn niður að tillögu meirihluta stjórnar sjóðsins, ef sú tillaga hlýtur samþykki 2/3 hluta atkvæða á þingi Landssamtaka hjartasjúklinga.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Landssamtaka hjartasjúklinga.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta að tillaga um það komi frá meirihluta stjórnar sjóðsins og að tillagan verði samþykkt með 2/3 hluta atkvæða á þingi Landssamtaka hjartasjúklinga.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari og fellur þá jafnframt úr gildi skipulagsskrá sjóðsins sem staðfest var 5. nóvember 1991.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. mars 2003.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfirði.

Breyting á deiliskipulagi fyrir „Suðurhöfn“ vegna Óseyrarbrautar 10B og 12B.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 18. febrúar 2003 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Suðurhöfn“ vegna Óseyrarbrautar 10B og 12B í Hafnarfirði.

Breyting á deiliskipulagi fyrir „Kirkjugarðinn í Hafnarfirði“ vegna lóðar fyrir dreifistöð við Kaldárselsveg.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 21. janúar 2003 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Kirkjugarðinn í Hafnarfirði“ vegna lóðar fyrir dreifistöð við Kaldárselsveg í Hafnarfirði.